Blessaðir meðlimir! Heiðið þið ykkur nú að skrifa, því nú eru síðustu og verstu dagar, bráðum er veturinn á enda og hætti ég að hafa áfóðrina, og það var sannarlega leiðinlegt fyrir ykkur, svo margir sem hafið undir gengist að fóðra mig ef ég liti illa út í vor, og yrði mikið magrari en í fyrra, það sjá þá allir að það ætti að vera höfðingsleikur, þegar þið eruð orðnir svona margir að fóðra mig skammlaust, því ekki er ég svo gír eða matvandur. Það þarf varla að minna ykkur á að ég þarf á bezt af kjarngóðri fæðu, sem er fjörugar samræður, fræðandi málefni, og hörð og drengileg barátta í þrætumálum.

Þetta á við mig! Munið eptir því!

Fjallfari.

# FJALLFARI.

| | | |
|---|---|---|
| Kemur út annan hvorn laugard. Ekki minna en sex þétt pappírs arkir í senn. | 4. Árg.<br>2. Blað.<br>4. Hefti.<br>№ 11. | Uppsögn skrifleg. Ógild nema komin sé til ritn. fyrir 25 april árlega. |

Steini laugard. 2 april 1904.

## Ritnefnd.

Einar Pétursson. Halldór Jónsson.
Björn Guðmundsson.

# Nokkur orð um Áburð

eptir

Einar Gíslason

Ég geng að því vísu að þið kæru lesendur Fjallfara, munið eigi verða lítið hissa á því að ég skuli gjörast svo djarfur að taka mér penna í hönd til þess að ætla mér að fara að leiðbeina ykkur í einu eða öðru. En mér hefir skilist að tilgangur þessa blaðsfélags sé einmitt sá, að vér eptir mætti reynum til þess að leiðbeina hver öðrum, miðla hver öðrum af lífsreynslu vorri og þekkingu, það sem einn kann að hafa fram yfir annan, án tillits til þess frá hverjum orðin eða hugsunin er framleidd, hvort heldur þau koma frá hreysum kotungsins eða stórbýli ríkismannsins. Ef hugsunin er góð og á rökum byggð, hefir hún sama gildi; af hvaða

toga sem hún er spunnin.

Í þeirri öruggu von ad þid virdid á betra veg og takid viljan fyrir verkid ætla eg mjer ad fara nokkrum ordum um áburd.

Nær því hvada dagblad sem vjer lesum, sjáum vjer ad þjódinni þrái framfarir, betri stjórn og aukid fjárframlag til nyt samlegra framkvæmda, og yfir höfud betra fyrirkomulag á öllu til lands og sjávar.

Enn mjer skilst ad þetta allt, muni engan vegin verda oss ad nægilegu gagni. Þad er því ad eins gott, ad þad geti hvatt oss, hvern einasta af okkur, til þess ad reyna sjálfir, ad komast sem best á-fram í lífsbaráttunni, og audgast í þekkingu á öllu því sem oss vidkemur í okkar daglegu störfum.

Og eigi daglegu störfum, af því þau[illegible] öllu sönnum ad minnsta kosti utanbús, undirbúningur undir rekstur atvinnugreinanna eda búskaparins.

Eptir því, sem oss lukkast ad undirbúa túnin undir grasvöxtinn eptir því getum vjer búist vid meiri afurdum af því eda tödu, og eptir því, sem vjer fáum meiri tödu getum vjer framfleytt fleiri skepnum á henni, og ~~eptir~~ enn fremur eptir því sem vjer slétt um meira, og á þann hátt minkum ördugleikana, erum vjer fljótari ad heyja eda safna fódrinu, og eitt mitt til þess ad geta framleitt mikla og góda tödu, þurfum vjer ad hafa miklan og gódan áburd.

Mjög snemma á tímanum tóku menn eptir því, ad áburdur væri gagnlegur jurtunum. Sá sem fyrstur fann uppá því ad bera á jördina var rómverskur madur ad nafni Stercatius. — En þrátt fyrir þad þó áburdurinn væri fundinn og sömuleidis vatnsveitingar, þá var hugmyndin óljós, hvernig efnin gætu gjört gagn, því menn þekktu eigi edli jardarinnar né jurtanna, og á medan þad var hulid, var eigi hægt ad gjöra sjer hugmynd um hver efni jördin þarfnadist.

Ætli þad sje nú fjarri þó sagt væri, ad

svona væri ástatt fyrir okkur en þá, að minnsta kosti meiri hluta manna. Það, að vísu lítið um bækur við alþýðu hæfi, sem fræði oss um þessa hluti; og viljum þá eigi nógu sterkan til þess að útvega oss það litla sem til er hjá mörgum hverjum að minnsta kosti; en nú finnst að bóndanum á því ríða meira, en að komast yfir þær bækur, sem leiðbeina honum í þessa átt.

Til þess að túnin okkar haldi frjófsemi sinni, og færi okkur vaxandi afurði, verðum vér að sjá þeim fyrir nægilegum og góðum áburði, sem í ríkuglegum mæli inni haldi þau efni, sem jurtirnar þarfnast sér til næringar og vaxtar.

Þessi efni eru einmitt þau frumefni og frumefnasambönd, sem jurtirnar sjálfar saman standa af, þótt þau séu í öðru ásigkomulagi í jurtunum en í áburðinum, en þau breytast oss að fyrirhafnarlausu í jarðveginum.

Helztu þessara efna eru: Súrefni, vatnsefni; kolefni, og holdgjafakennd efnasambönd. Og þessi efni veitist jurtunum, sumpart frá loptinu, sumpart frá jarðveginum, og nokkuð frá áburðinum.

Þessi 4 frumefni, sem þegar eru talin eru loptkennd, það er að skilja þau geta við hita og rotnun gengið úr samböndum sínum, og í sambönd við einhver önnur efni eða horfið oss eitthvað út í loptið, gufað upp, alveg eins og t.d. vatn. Þessi efni eru einu nafni nefnd organisk efnasambönd.

Auk þessara efna, sem þegar eru talin eru ýmis önnur efni í jurtunum, sem þarf að veitast með áburðinum, ef vér t.d. brennum hey, þá hverfur það ekki algjörlega, heldur er ávalt eptir nokkur hluti, sem vér nefnum ösku, þessi efni eru steinefni þau sem jurtirnar hafa þarnast sér til vaxtar, og helztu

þessara efna eru fosfórsýra, brennisteinssýrusölt, matarsalt, kísilsýra, natron, kali, kalk, ýmis járnsambönd o.fl. þessi efni nefnast einu nafni óorganisk efnasambönd.

Til þess að steinefnin geti orðið jurtunum að notum, þurfa þau að vera til staðar uppleyst í jarðveginum, svo að jurtirnar með rótum sínum geti tekið þau til sín.

Nú er svo máli farið að okkar jörð er mjög fátæk af sumum þessum steinefnum, einkum kali og fosfórsýru, svo vér verðum að sjá um að þessi efni séu til staðar í áburðinum enda eru þau töluvert í þvagi dýranna en verða því að eins að notum að það fari ekki til spillis.

Vatnið er ~~og~~ mikils varðandi T ~~efni~~ næringarefni jurtanna, enda ~~er~~ mikið af því í þeim eða ca 70-80

Vatnið er samsett af súrefni og vatnsefni og fá því jurtirnar mest megnis þessi efni einmitt úr vatninu

Hvað kolefni viðvíkur þá þurfum vér ekki svo stórlega að hugsa jurtunum fyrir því, fyrir þá sök að það er nægilega mikið til af því í loftinu, og þaðan fá því jurtirnar það að mestu

Við allan bruna myndast ~~a~~ kolsýra, sömuleiðis við öndun allra dýra myndast ~~kolsýra~~ einnig kolsýra, með því að súrefni loftsins gengur í samband við ~~bróð~~ blóðið í lungunum en það sleppir aptur kolefninu, en alls ekki köfnunarefni, eins og haldið var fram í Fjallfara greininni um kvannaræktina. Köfnunarefni (Kvælstof) er einnig fremur lítið í loftinu, enda þótt það finnist þar afarlítið, en vísindin eru enn þá eigi á því hreina ~~en~~ um það atriði hvort að hallgjafi sá er í loftinu ~~finnst~~ geti orðið jurtunum að notum, enda þótt að líkur séu til þess en á hvern

en á hvern hátt vita menn eigi.

Hold gjafan þurfum vér að veita jurtunum að eru mikla leiti semund er. til þess að mynda holdgjafakend efna sambönd.

Hann er í þrennu ásig komulagi: á jörðunni 1. sem saltpeturssýra, 2. sem ammoniakk og 3ja sem holdgjafakend efna samband.

Saltpeturssýran er hið hepplegasta holdgjafa efna samband sem til er hún myndast bæði af hinum organiske efna sambönd um þegar þau rotna og af og af amoniakk söltum, en þau (amoniakk söltin) missum vér að mestu þegar vér látum þvag dýranna fara til ónýtis, og á þann hátt missum vér þetta mikils varðandi næringarefni jurtanna. Saltpeturssýran myndast aldri nema í mykri, fyrir þá sök að það er súrefni nokkur sem veldur myndun hennar, en hann þrá að

ekki nema í mykri hún, myndast ekki í minni hita en 5° og mest er hún þá hitinn er yfir 30° gráður, myndun hennar er og meiri í Sandvelli en mýrlendi.

Hin mest varðandi efni. sem vér þurf um að veita jurtunum eru eftir því, sem hér hefir verið bent á þrjú. Nefnilega: Holdgjafi; Kali og fosfórsýra.

En það má enginn skilja þetta þannig, að það séu einungis þessi þrjú efni sem veita þarf, og áhrif hafa á vöxt og við gang jurta, heldur á ðeins á eg við á þau hér, sem mest varðandi næringar efni, sem veita þarf jurtunum.

Vér vitum það allir að það er margt fleira sem áhrif hefir á jurtagróðurinn, svo sem: ljós, hiti; raki; samband-jarðtegundanna, lega jarðar innar veðrátta far o.fl.

En fremur þarf að veita jurtunum mold myndandi efni með áburðinum, og því er það, að hver sá áburður

sem veitir jurtunum þau efni, sem
hér hafa verið talin, og auk þess er
moldmyndandi er kallaður fullkom-
in áburður, af því hann inniheldur
allt það, sem jörðina vanalega vantar
og jurtirnar þarnast.

Eða með öðrum orðum, að hver sá
áburður, sem inniheldur köfnunarefni, Kali, og fosforsýru og auk þess er mold-
myndandi nefnist fullkominn.

Vanti aptur á móti eitthvert þessara
efna í áburð, eða hann sé ekki moldmynd-
andi heitir hann ófullkominn af því
hann fullnægir ekki öllum þörfum
jurtanna.

Heinn nefnist hver sá áburður, sem
inniheldur eitt eða fleiri efni sem 'beinlínis'
er jurtanærandi. Óbeinn aptur á móti
er annað hvort vekar þannig lagaðar
breytingar í jarðveginum, að jurtanær-
andi efna sambönd myndist fyrir aðgjörð-
ir hans, eða sem á einhvern hátt bætir
eiginlegleika jarðvegsins.

En fremur má telja vatns veitingar
áburð, með því að með þeim veitumst við
jörðunni ýms þau efni, sem eru beinlínis
eða óbeinlínis jurtanærandi.

Áburður undanhinum stærri húsdýrum
vorum, er sá áburður, sem vér bændurnir
aðallega höfum til áburðar og, sem oss
því ríður mjög á að hirða og hagnýta
okkur eptir föngum. Það segir gamalt
og gott máltæki; „það er ekki minna vert
að gæta fengins fjár en afla“. Hér á það
einkar vel heima sem annarsstaðar, því
það er ekki svo lítill vandi að hirða vel og
réttilega áburðinn, og sem ég því
að segja, að fátt af því, sem vér höfum
undir hendi af því tagi sem oss getur
orðið að liði er eins vanhirt og á sla-
kastað, sem mjög lítilsvirði sé, eins
og áburðurinn. Vér sjáum þá allir,
ef vér förum að gæta nánar að þeim,
að einmitt hann er þá undir staðan

undir að sömustu atvinnugrein vora
túnræktina. Það ættu því allir að sjá
hversu áríðandi það er að fara hyggilega
að ráði sínu, og láta sér ekki þykja
niðrun að því, að hagræða þannig á-
burðinum, að hann geti orðið oss að
fullum notum; og eins og nú stendur
mun víðast heldur að það vanti áburð
heldur en hitt. Hvernig geta menn
þá hugsað sér að auka út túnin að
miklum mun, á meðan að það sem
til er líður skort fyrir áburðarleysi.
Fyrsta sporið til aukinnar túnræktar
verður því ávalt, að reyna að hafa
nógan og góðan áburð, og þar
næst að undirbúa jörðina þannig, að
hún geti gefið af sér sem mestan arð,
sem með engu verður frekar en með
velgerðum sléttum. En þar gjörast
tvennt, bæta grasvöxtinn og minnka örð-
ugleikana.

Eg sagði hér að framan að það væri

engum þeirra efna sem við þyrftum að
veita jörðunni með áburðinum, og auk
þess væri meðalmegandi. Áburður sá
er við höfum hefir einmitt þessi efni
í sér fólgin, en við verðum að hafa það
hugfast, að þau geta horfið okkur út
í loptið, ef við ekki höfum til staðar
einhver þau efni sem geta gengið í
samband við þau, svo þau verði jurtunum
að notum.

Tölu verður munur er þá á gæðum á-
burðarins, eptir því undan hvaða skepn-
um hann er. Sé skepnan vel fóðruð, verður
bæði kraptmeiri og meiri áburður, en þegar
hún er illa fóðruð. Sömuleiðis er betri
áburður undan ungviðum og geldneitum
en gömlum skepnum. Einnig er mikill
munur á áburði undan hinum ýmsu
húsdýrum vorum t.d. kúm, kindum og
hrossum.

Undan kúm er áburðurinn laus í sér,
þvagríkur, það ríður því mjög á að

hann sé hæfilega blandaður, einhverju
bindandi efnum t.d. mold, moðsalla,
eða ösku, til þess að missa eigi úr hon-
um hin áður nefndu efni út í loptið.
Það hitnar lítið í honum í haugnum
eða mikið minna en í kinda eða kúa
áburði, hann er lengi að leysast í sund-
ur, og þar af leiðandi eru jurtirnar
lengi að fá næringu sína úr honum,
hann er því endingar góður áburður.
Sauðatað er eflaust sá besti áburður
sem við höfum, en því miður getur
hann naumast kallast áburður vor á
meðal. Hann er sem kunnugt er mikið þurrari
en kúamyki, ef hann er borinn í haug hitnar
í honum og hann brennur fljótt, hann uppleysist
og fljótar, og verkar þar af leiðandi fremur
fljótt til jurtanæringar. Til þess að hann gjöri
sama gagn til jurtagróðurs og kúamykja er
talið að muni þurfa alltað því þriðjungi
minna. Sauðataðs askan inniheldur mikið af
kali og er því ágæt til þess að bera hana í

flóra. Ég hefi heyrt menn tala um það, að sé
askan borin í flórinn, að hún þá gjöri túnin
hörð, og það sé verra að slá þá bletta, sem
hún er borin á. En ég hygg að þetta sé þá
af því, að hún sé þá eigi nægilega blönduð
saman við áburðinn, og annað hitt að hún
sé borin í flórana á þeim tímum, sem hennar
er minnst þörf t.d. að vetrinum.
Hrossatað, er sú áburðartegund sem
minnst verðmæti er í, það verkar fljótast
af þessum áburðartegundum, og er um leið
kraptminnst fyrir jurtagróðurinn. Þá er tað
undan ungviðum t.d. folöldum, sem eigi er
mokað út að vetrinum og eldishestum góður
áburður, og brunninn er hann mjög góður í
jarðepla garða.
Það getur verið að það sé ekki ~~sagt~~
satt, að ég segi, að hér um slóðir, sé mjög
lítið hugsað um það að bæta og auka áburðinn
með því að bera í hann, en víst er um það
að við hugsum of lítið um það atriði. Það
er auðvitað, að það kostar fyrirhöfn og tíma

ljós og alt, og vinnukraptinn vantar víða til
þess að fullnægja þörfunum. Ef við höfum
verulega hugsun á að hagnýta okkur áburð-
inn, þá er veturinn einkar hentugur til þeirra
starfa. Við getum þá okkur að fyrir hafnar
litlu blandað áburðinn nægilega með ýmsu
er til fellur bæði við bæ og fjárhús, t.d. ösku,
moð, salla, mómold o.fl. Sömuleiðis getum
við safnað í haug sér (rétt hjá mykjuh.) öllu
því rusli, sem eigi þykir til blöndunar að
vetrinum, og væri þá eigi alveg ónýtt að
bera skólp og óþverra ~~frá~~ úr bæjunum í þá
hauga, og blanda síðan öllu saman, saman
við mykjuna. Nú er ekki nóg, þó að við ber-
um í flórana, svo að við séum nokkurn veginn
vissir um að missa ekki mikið af hinum
mest varðandi efnum áburðarins meðan hann
er þar. Það þarf líka að hugsa um að bera haug-
ana þannig að loptið nái sem minnst að verka
á þá og snjór og vatn nái ekki til að bland-
ast saman við hann, því við það missum
við léttleysanlegustu efnin úr áburðinum

sem einmitt eru best til jurtagróðurs.
Það þarf að bera haugana þannig, að þeir
líkist fremur haug, sem mikið verðmæti er
í, heldur en einhverju Ódáðahrauni, sem
aldrei ætti við að hreyfa og sem ekki væri
að nokkru gagni; nú þykir gott, aðeins að
mykjunni sé komið út, og henni er kastað
hingað og þangað, oft borin uppá ein-
hverja [illegible] og látin leka þar ofan fyrir,
þar með búið. Í stað þess að þjappa mykjunni
saman í hvert skipti sem út er borið, og
jafna hliðar hans, (haugsins) reyna að sjá um að sem
allra minnst vatn nái að setjast að haug-
staðinn og því umlykt. Þess væri óskandi
að þess yrði eigi langt að bíða að við ættum
hús yfir áburðinn okkar. En á meðan það er
eigi, ættum við að keppa hver við annan að
reyna að hirða áburðinn og hagnýta okkur
þetta mikilsvarðandi efni auk þess, sem
það er prýði hvers heimilis að sjá vel
hirta og vel borna mykjuhauga.

# Svar til H. Jónssonar

Í seinasta bl. Fjallk. er H. að segja að bera hönd fyrir höfuð þeirra Reykstrendinganna en heldur virðist mér það létt sagt, og er ég fyllilega vissum, að þeir sem flest eiga hér hrossin hefðu svar að grein minni. "Öfugar hagnaðar hættir", sem ég skrifaði vetur, ef þeir ekki segja það, að þeirra hrossarækt þeirra er alveg [illegible]

Það er svo langt frá því að, það sem herra H. telur til gildis hrossaræktinni; hafi við nokkur rök að styðjast. Hann segir t.d.: "Að áburður sá sem menn fái með því að hrossin gangi á óræktuðu landi, sé ómissandi". En ég ímynda mér að hann sé alltvíðast meira til ≠ ógagns en gagns; því líklega hefði H tekið eftir því, að opinlega er graslaust undir hrossataðshrúgunum. Auðvitað er oft nokkuð vel sprottið í kringum þær, en

það notast heldur illa, því ég ímynda mér að fáir kæri sig um, að slá svo nærri þeim að þær blandist saman við heyið. Það er auðvitað talsverð drýgindi, en heldur gæti ég hugsað að H minum mundi ganga illa að halda hrossum sínum við á hrossataði á veturnar. Auðvitað gæti verið gagn að þessum áburði með því að mylja allt hrossatað að vorinu, en það er nokkuð sem líklega ekki verður gjört, nema ef það yrði gjört á túnum. Hvað viðvíkur að stóðhross séu ekki til 70 hér á Ströndinni; þá er ég vissum að það munar varla miklu.

En fremur segir H.: "að grasið fái það efni úr anda hrossanna, sem því sé ómissandi til lífsviðurhalds"; en ég held að það geti nú verið vafasamt, hvort það fær það fremur þaðan en úr loftinu, því nóg er af því þar, en satt að segja er ég ekki svo fróður að ég treysti mér til að rita um það efni.

Mér finnst varla að það geti átt

sé stað að taka til samanburðar, Blöndu-
hlíð og Reykjaströnd, því það mun öllum
sem þekkja nokkuð bæði plássin auðsær sá
mismunur, sem á þeim er. Hvernig því er
varið með þetta Miklabæjarnes, sem H. er
að tala um veit ég ekki, ég þekki það ekki,
það getur gjarnan verið að það spretti betur,
þegar hrossin ganga á því, en bágt á ég
með að trúa slíku, nema með því móti, að
það liggi svo við að hægt sé að hleypa
á það á vorinu, eða þá að allt hrossataðið
sé hreinsað að vorinu.

Víða í Blönduhlíð mun svo haga
til, að mikið af engjum fer í gadd á vetr-
um, svo hross ná þar alls ekki til, en
ganga mest part á því landi, sem ekki
er slegið á sumrum, því landrými er
þar svo langt um meira en hér á R. strönd
eins og H. mun vera kunnugt. Sömu-
leiðis er nokkuð jarðsælla þar en hér.

H. segir: „Að það muni ei borga sig að
fyrir bændur, að koma hrossum sínum í haga-
göngu á vetrum, vitanlega borgar það sig,
því það væri líklega nokkuð dýrt, að hafa
þau hér heima að vetrinum, til að gefa þeim
inni máske meira en hann hálfan.

Ennfremur álítur H. að bændur mundu ekki
geta aukið svo fjáreign sína með því að
útileggja stóðhrossin, svo að hún geti jafnast
á við þær afurðir, sem stóðhrossin veita nú.
Ég ímynda mér að ekki þyrfti svo mikið fé
til þess, því þó bóndinn geti fargað einu
tryppi árlega, og fengi fyrir það, svo sem
40—50 kr. þá held ég að hann þyrfti ekki
að auka fjárstofn sinn stórkostlega til
þess, að ná þessari upphæð, því ekki þarf
að ganga út frá því, að það kosti ekkert
að koma tryppinu upp, að minnsta kosti
veit ég til þess, að bæði folöld og eldri tryppi
hafa verið höfð á heyjum hér í vetur, og
svo kostar það líka nokkuð að koma hross-
um sínum niður. Ég skal taka t.d. mann,
sem átti 10 hross og kemur þeim í

hagagöngu, þetta kostar hann 40 kr (ég hefi vanist ad gefa 4 kr med hrossi yfir veturinn) og er þad jafn mikid og hann þyrfti ad gefa med 10 ám, og þetta er þó ekki nema med því móti, ad ekki þurfi ad hjúkra hrossinu; engum mundi detta í hug, ad taka þau fyrir svona lítid ef hann þyrfti ad gefa þeim hey. Ég held því ad þad sé gramm-skadad af H. ad ekki sé hægt ad fá jafn-ardberandi eign og hrossin.

Læt ég svo þessu máli lokid, og mun ekki svara H. þó hann skrifi um þetta aftur, því ég ímynda mér þó hann sé ad-hyllast til þess í grein sinni ad fleiri skrifi um þetta, ad þeir gerdu mér heldur samdóma heldur en hitt.

K. E.

# Á einu rídur mest

Fleygings líf nútídarinnar býr öllum þunga byrdi, ungum, sem gömlum, og knýr einn og sérhvern til samkeppni í lífs starfi sínu, í hverri stödu, sem er. Þess betur, sem hver og einn, er undirbúinn undir þessa lífsbaráttu, þess audfengnari er sigurinn; og unglings aldurinn, verdur einmitt ad álítast, sem undirbúningstími fullordins áranna. Foreldrarnir og þeir, sem veita börnunum uppfrædingu eru þeir sem mest og best geta leidbeint þeim í strídi lífsins á þeirra áfram sóknarbraut.

Þad eru heimilinn hér á landi, sem veita unglingunum næstum alla þá upp-fræding, sem þau ödlast í æsku, og í þessu starfi þurfa þau ad sýna alla ná-kvæmni og samvizkusemi.

Eftir mínu áliti er þad eitt af vorum lang stædstu þjódarmeinum, hvern

uppeldi barna er víða ófullkomið á sveita
heimilum, og eptir því sem mér skilst
er það, það atriði, sem fyrst og fremmst
þarf umbótar við, því það getur ekki
verið neinum vafa bundið, að það er ein-
mitt fyrsta sporið til sannra þjóðþrifa, og
helzta undirstöðuatriði fyrir velmegun-
hverrar þjóðar. Hversvegna? Heyrast
raddir, nú af tímum, sem fullyrða, að vér
séum langt á eptir forfeðrum vorum
í ýmsum greinum, og hversu mikið, sem
satt kann að vera í þessum staðhæfingum
samtíðarmanna vorra ætti öllum að
vera fyllilega ljóst, að hvað snertir
líkamlega hreysti, og framsóknar
hvatir manna, á hinum þróunarvegi
mannkynsins, er um við langt á eptir
þeim. Eg býst við að eg þurfi alls ekki
að færa hér nein rök fyrir þessari skoðun
minni, því eg álít að hver og einn geti
best séð það af sögu mannkynsins á liðnum
öldum, eg vil aðeins leita að ástæðum

fyrir þessari líkamlegu hnignun þjóðarinnar.
Fyrsta ástæðan virðist mér vera uppeldið,
sem enganvegin fullnægir kröfum lík-
amans. Sú ríkjandi þjóðartrú, að það sé
eini vegurinn til að ná sönnum menning
og þroska, sé bókleg þekking og þroski
sálarinnar er ~~ekki fullnægjandi en~~ þetta
er ekki fullnægjandi, því hvað stoðar bókvit og
andans mennt, ef líkami vor líður tjón og
öðlast ekki þann þroska, sem hann
með fullkomnara uppeldi hefði hlotið.
Ástæð fyrir þessu getur enganvegin
verið sú, að mentin í fullu samræmi
við líkamans vellíðan gjöri oss veik-
byggða og kjarklitla, heldur mun það valda
vanrækla vor í að gegna kröfum
lífsfæra vorra og annara lífsskilyrða, sem
nauðsynleg eru.

Framhald síðar.

H. Jónsson.